

SRX ehf.
Gjáhelli 13
221 Hafnarfirði

Reykjavík, 5. júní 2020
UST202005-174/G.R.G.
07.10.02

Stöðvun markaðssetningar á CBD vörum

Vísað er til bréfs dags. 28. maí 2020 þar sem áformað var að stöðva markaðssetningu á vörunum *Just Hemp Flower Power* (strikamerki: 636831 877043), *Just Hemp Punch Buggy* (strikamerki: 696831 876992), *Just Hemp Winter Forest* (strikamerki: 696831 877036), *Just Hemp Happy Daze* (strikamerki: 696831 877012), *Just CBD Hempfetti* (strikamerki: 301652 108824), *Just CBD Cherry Pie* (strikamerki: 696831 877029), *Just CBD Deep Spice Bath Bomb* (strikamerki: 78603 206815), *Just CBD Infused Pain Cream* (strikamerki: 301652 106837) og *Just CBD Freeze Roll-on Pain Relief* (strikamerki: 605926 377252), sem SRX ehf. er ábyrgt fyrir markaðssetningu á.

Áformað var að stöðva markaðssetningu varanna í kjölfar eftirlits sem leiddi í ljós engin varanna uppfyllir skilyrði fyrir markaðssetningu snyrtivöru skv. 40. gr. efnalaga nr. 61/2013. Í fyrsta lagi hefur ekki verið tilnefndur ábyrgðaraðili sem skal sjá til þess að viðeigandi skyldur séu uppfylltar fyrir hverja snyrtivöru sem er sett á markað í samræmi við 1. mgr. 40. gr. auk þess sem vörurnar eru ekki skráðar í gagnagrunn framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í samræmi við sama ákvæði. Í öðru lagi liggja ekki fyrir upplýsingar um að vörurnar hafi staðist öryggismat og að útbúnar hafi verið öryggisskýrslur fyrir þær í samræmi við 2. mgr. 40. gr. og í þriðja lagi liggja ekki fyrir upplýsingar um að ábyrgðaraðili hafi útbúið vöruupplýsingaskjöl fyrir vörurnar í samræmi við 3. mgr. 30. gr. þrátt fyrir að Umhverfisstofnun hafi óskað eftir öllum upplýsingum um vörurnar. Þá er það mat Umhverfisstofnunar vörurnar *Just CBD Infused Pain Cream* og *Just CBD Freeze Roll-on Pain Relief* beri vöruheiti sem brjóta gegn 1. mgr. 20. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1223/2009 um snyrtivörur sem kveður á um að þegar snyrtivörur eru boðnar fram á markaði skuli heiti þeirra ekki gefa í skyn að vörurnar hafi eiginleika eða hlutverk sem þær hafa ekki.

Umhverfisstofnun hefur umsjón með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og gegnir hlutverki lögbærs yfirvalds samkvæmt reglugerð nr. 577/2013 um snyrtivörur sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Stofnunin annast jafnframt eftirlit með framkvæmd efnalaga og reglugerða settra samkvæmt þeim, sbr. XI. kafli efnalaga.

Í framangreindu bréfi var SRX ehf. veittur frestur til 5. júní til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri í samræmi við 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Engin andmæli hafa borist Umhverfisstofnun en vörurnar hafa verið boðnar til sölu með afslætti á vefversluninni heimkaup.is frá því að áformað var að stöðva markaðssetningu þeirra.

Markmið efnalaga er m.a. að tryggja að meðferð á efnnum, efnablöndum og hlutum sem innihalda efni valdi hvorki tjóni á heilsu manna og dýra né á umhverfinu og að koma í veg fyrir ólöglega markaðssetningu. Að mati Umhverfisstofnunar gengur markaðssetning varanna gegn framangreindu markmiði laganna.

Að framansögðu stöðvar Umhverfisstofnun markaðssetningu varanna *Just Hemp Flower Power* (strikamerki: 636831 877043), *Just Hemp Punch Buggy* (strikamerki: 696831 876992), *Just Hemp Winter Forest* (strikamerki: 696831 877036), *Just Hemp Happy Daze* (strikamerki: 696831 877012), *Just CBD Hempfetti* (strikamerki: 301652 108824), *Just CBD Cherry Pie* (strikamerki: 696831 877029), *Just CBD Deep Spice Bath Bomb* (strikamerki: 78603 206815), *Just CBD Infused Pain Cream* (strikamerki: 301652 106837) og *Just CBD Freeze Roll-on Pain Relief* (strikamerki: 605926 377252) í samræmi við heimild stofnunarinnar skv. 58. gr. efnalaga nr. 61/2013.

Í stöðvun markaðssetningar felst að óheimilt er að markaðssetja vöruna en með markaðssetningu er átt við það að sjá þriðja aðila fyrir vörunni, hvort heldur er gegn greiðslu eða án endurgjalds. Flutningur vörunnar inn á Evrópska efnahagssvæðið telst einnig markaðssetning sbr. 22. tl. 3. gr. efnalaga.

Stöðvun markaðssetningar tekur gildi nú þegar. SRX ehf. er heimilt að geyma vörurnar þar til bætt hefur verið úr þeim ágöllum sem lýst er hér að framan og í eftirlitsskýrslu sem fylgdi áformum um stöðvun markaðssetningar þann 28. maí 2020 eða endursenda vörurnar til erlends birgis.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því á að ákvörðun þessi verður birt á vefsíðu stofnunarinnar í samræmi við 5. mgr. 49. gr. efnalaga.

Ákvörðun þessi er kæránleg til umhverfis- og auðlindaráðherra, sbr. 68. gr. efnalaga. Um kærurétt og málsmeðferð fer samkvæmt stjórnsýslulögum. sbr. VII. kafli. Kæra skal borin fram innan þriggja mánaða frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðunina.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings vegna eftirlits og beitingar þvingunarúrræða er innheimt í samræmi við gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015 með síðari breytingum. Gefinn hefur verið út reikningur fyrir gjaldinu að fjárhæð 39.600 kr.

Upplýsingar um snyrtivörur og það regluverk sem um þær gildir má nálgast á heimasíðu Umhverfisstofnunar (<https://ust.is/atvinnulif/efni/snyrtivorur/>)

Fyrirtækinu er velkomid að leita til sérfræðings stofnunarinnar, Fífu Konráðsdóttir, í síma 591-2000 eða í gegnum netfangið fifa.konradsdottir@umhverfisstofnun.is til að fá nánari upplýsingar um snyrtivörur.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Gísli Rúnar Gíslason
lögfræðingur